

**Ed.**

## **274. Frumvarp til laga**

um breyting á ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

3. gr. laganna orðist svo:

1. gr.

Hver sá, sem á jörð, er undanfarið hefur verið í sérábúð og hann nýttar ekki sjálfur, er skyldur að byggja hana hæfum umsækjanda gegn hóflegu eftirgjaldi að dómi úttektarmanna.

Nú hefur maður nýttjað jörð, sem hann á, og dvelur þar ekki sjálfur né fjölskylda hans, en tún fer í órækt, mannvirki niðast niður eða jörðin rýrnar svo, að sveitarfélagið biður hnekki af, allt að dómi úttektarmanna, getur þá sveitarstjórn krafizt þess, að jarðeigandi bæti það, sem áfátt er, innan tveggja missira eða hann byggji jörðina frá næstu fardögum samkvæmt 1. málsgrein. Nú byggir landsdrottinn ekki jörð sína fyrir 15. marz, og skal honum þá skylt að bjóða sveitarstjórn innan 6 daga að ráðstafa ábúð á jörðinni gegn hæfilegu eftirgjaldi. Ef ágreiningur verður um eftirgjald, skulu úttektarmenn meta, en hvor aðili um sig getur krafizt yfirmats samkvæmt 53. gr.

Sveitarstjórn getur krafizt þess, að landsdrottinn láti fylgja jörðinni nauðsynleg hús og mannvirki, er henni hafa fylgt, og ekki í lakara lagi en telja verður meðallag í þeim hreppi að dómi úttektarmanna, miðað við landverð jarðarinnar, eða setja tryggingu fyrir, að svo verði.

Sinni sveitarstjórn ekki boði landeiganda um að ráðstafa ábúð á jörð hans samkv. grein þessari innan mánaðar, er landsdrottni skylt að auglýsa jörðina til ábúðar. Geti hann þá ekki byggt hana, má hann ráðstafa jörðinni næsta fardagaár.

Næsta ár skal hann bjóða sveitarstjórn enn að ráðstafa jörðinni, ef hann hefur ekki byggt hana sjálfur fyrir þann tíma, er áður greinir. Er þá sveitarstjórn heimilt að byggja jörðina til lifstíðar, þannig að óheimilt sé að byggja ábúanda út af jörðinni, þó að landsdrottinn sjálfur eða skyldulið hans, sbr. 9. gr., óski að fá jörðina til ábúðar.

Þegar svo hefur gengið 3 ár í röð, að jörðin byggist ekki, er jarðeiganda heimilt að ráðstafa jörðinni sem hentast þykir.

Hafi enginn not jarðarinnar, er landsdrottinn ekki skylt að greiða af henni opinbera skatta, en önnur lögskil verður hann að inna af höndum.

4. gr. laganna orðist þannig: 2. gr.

Nú sinnir jarðeigandi ekki kröfu sveitarstjórnar, er um ræðir í annarri málsg. 3. gr., eða vanrækir að bjóða sveitarstjórn jörðina til ráðstöfunar, svo að jörðin fer í eyði eða hús á jörðinni eru fallin, hafa verið rifin eða annað það gert, er eigendur jarðarinnar síðustu 5 árin eiga að mestu sök á, og getur þá hlutaðeigandi hreppsnefnd krafist þess, að sýslumaður auglýsi jörðina til sölu. Sýslumaður rannsakar því næst alla málavexti og aflar sér nauðsynlegra upplýsinga, þar á meðal umsagnar hlutaðeigandi úttektarmanna, ef um jarðniðslu er að ræða. Nú telur sýslumaður kröfu hreppsnefndar réttmæta, og skal hann þá, að undangengnum úrskurði, bjóða jörðina upp og selja hæstbjóðanda, endi leggi kaupandi fram skilríki fyrir því, að hann geti innleyst jörðina og rekið á henni hæfilegan búskap, og enn fremur yfirlýsingu um, að hann geri jörðina að ættaróðali.

Nú fullnægir kaupandi ekki þessum skilyrðum, og hefur þá hreppsnefnd heimild til að ganga í kaupin.

Söluákvæði þessi taka þó ekki til hjáleigna með óskiptu beutilandi úr heima-jörð, þar sem sami er eigandi að báðum jörðunum, enda sé jörðin nytjuð og sameiginlegt ræktað land ekki minnkað.

3. gr.

Aftan við 44. gr. laganna bætist: Geti ábúandi ekki keypt ábýlisjörð sína eða vilji það ekki, hefur sveitarstjórn heimild til að ganga í kaupin með þeim skilmálum, er hún var boðin ábúanda, og skal landsdrottinn því senda sveitarstjórn samrit af tilboði sínu til ábúanda.

4. gr.

45. gr. laganna, 1. málsg., orðist svo:

Þá er leiguliðaskipti verða á jörðum, skal taka þær út með lögumatri skoðunargerð. Áður en úttektin fer fram, skal byggingarbréfið liggja frammi til athugunar fyrir úttektarmenn, hvort það sé lögum samkvæmt. Þegar úttektarmenn hafa fullvissað sig um, að svo sé, skulu þeir rita samþykki sitt á byggingarbréfið.

Nú telja úttektarmenn, að byggingarbréfið sé ekki lögum samkvæmt, og skulu þeir þá leitast við að fá það leiðrétt. Takist það ekki, ber þeim að rita athugasemdir sínar þar að lútandi á byggingarbréfið.

Úttekt á jörð skal fram fara fyrir 20. júní.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum allt að kr. 3000.00. Mál út af brotum á lögum þessum svo og rannsókn sú, er um ræðir í 2. gr., skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

6. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 22 7. maí 1940, um breyting á ábúðarlögnum, svo og önnur ákvæði, er koma í bága við ákvæði laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

8. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í texta laga nr. 87 19. júní 1933 og gefa ábúðarlögin út svo breytt.